

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfossi, 16. nóvember 2022

Tilvísun: 2211094


Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (blóðmerahald).

Inngangur.

Hryssur framleiða hormónið PMSG (pregnant mare gonadotrophin) sem einnig kallast eCG (equine chorionic gonadotropin) á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Tilgangurinn er að örva vöxt eggbúa og egglos og fjölga þannig gulbúum í eggjastokkunum sem tryggja háan styrk meðgönguhormónsins prógesteron sem viðheldur fangi. Lengi hefur verið þekkt að PMSG örvar einnig vöxt eggbúa og egglos í öðrum dýrategundum sem gerir mögulegt að nýta það í frjósemislyf, bæði til auka frjósemi, meðhöndla ófrjósemi og til samstillingar gangmála.


Blóðtaka úr fylfullum hryssum, til framleiðslu á PMSG hefur verið stunduð á Íslandi í yfir 40 ár. Starfsemin hefur farið vaxandi en á síðasta ári voru um 5400 hryssur notaðar í þessari starfsemi, auk kjöframleiðslu, á 119 bæjum víðs vegar um landið.

Súluritín sýna breytingar á umfangi starfseminnar síðastliðin 5 ár



Meðgöngutími hryssna er um 11 mánuðir. Hryssur sem ætlaðar eru til blóðtöku kasta í maí, gjarnan í byrjun þess mánaðar á Suðurlandi en aðeins seinna norðanlands. Þær festa fang u.þ.b. mánuði síðar, sem er alla jafna á öðru gangmáli eftir köstun. Fyljun er í öllum tilfellum náttúruleg þar sem einn stóðhestur gengur með 15 - 20 hryssum í hólfi. Stóðhestum er sleppt í hólfin á tímabilinu 20. maí – 10. júní. Gott beitiland og eftirlit með atferli eru forsendur þess að hátt hlutfall hryssna fyljist á skömmum tíma. Um 40 – 45 dögum eftir áætlaða fyljun er tekin blóðprufa fyrir fylpróf og mælingu á PMSG. Fylfullar hryssur byrja venjulega að framleiða hormónið PMSG uppúr 40. degi meðgöngunnar og nær styrkur hormónsins hámarki 55-70 dögum eftir fyljun en lækkar eftir það fram að degi 100-140 þegar það hverfur úr blóðinu. Blóðtaka getur alla jafna hafist á degi 50 og eftir það er hryssunum tekið blóð með viku millibili í allt að 8 vikur.

Blóðtökutímabilið getur varað frá síðustu viku júlí til 5. október, en eftir þann dag er blóðtaka óheimil. Blóðtökutímabil hvezzar hryssu fyrir sig er þó aldrei lengra en 8 vikur. Að hámarki má taka 5 lítra í hverri blóðtöku. Algengst er að blóð sé tekið 7 sinnum úr hverri hryssu, sem gerir 35 lítra yfir blóðtökutímabilið.



Árið hjá blóðtökuhryssum.

Rauði flöturinn endurspeglar blóðtökutímabilið sem er á fyrsta þriðjungi meðgöngunnar. Appelsínuguli flöturinn sýnir seinni 2/3 hluta meðgöngunnar þegar hryssurnar eru á vetrarbeitt og fóðrun.

Mynd eftir Dagrúnu Kristinsdóttur úr BS-ritgerðinni: Bústjórn við nýtingu á blóði fylfullra hryssna til lyfjaframleiðslu. LbhÍ 2019. Með leyfi höfundar.

Blóðtakan.

Blóðtakan sjálf fer fram í þar til gerðum blóðtökubásnum sem eru tökubásar sem byggðir hafa verið í tengslum við réttir og gerði á blóðtökubæjum. Hryssurnar og folöldin sem þeim fylgja eru fyrst rekin úr beitarhólfi til réttar og þaðan er þeim beint, einni af annari, í blóðtökubásana. Leiðin liggur gjarnan í gegnum einhverskonar trekt eða gang. Í básnum er lagt við hryssuna og honum lokað að aftan. Þá er hryssan bundin þannig að höfuðið er reigt upp og til hliðar þannig að megin bláæð liggir vel við stungu. Að þessu búnu tekur dýralæknir við hryssunni, staðdeyfir hana á stungustað og stingur nál í meginbláæð (v. jungularis) þannig að blóð tekur að renna í þar til gert ílát (sem er þá þegar með andstorknunarefni). Að hámarki eru teknir 5 lítrar í hvert sinn. Blóðtakan tekur 5-10 mínútur en að því loknu er hryssunni hleypt út í gerði þar sem hún fær aðgang að vatni og salti og folaldið bíður hennar. Folöldunum er venjulega hleypt framhjá básnum, þ.e. úr réttinni og beint í gerðið. Þegar búíð er að taka úr öllum hópnum er hann rekinn til baka í beitarhólf.

Mikilvægt er að umgengnin við hryssurnar sé fagmannleg og byggi á þekkingu á atferli hrossa. Þannig má venjulega koma í veg fyrir ótta og streitu við reksturinn. Staðdeyfiing stungustaðarins kemur í veg fyrir sársauka en blóðtakan veldur engu að síður óþægindum og tímabundinni vanlíðan. Ýmislegt getur þó farið úrskaiðis einkum ef hryssurnar eru óvanar þessu hlutverki og/eða ótamdar eða þá að tamning hefur misheppnast. Þá getur verið stutt í mikla streitu og flóttaviðbrögð. Þá reynir sérlega mikið á mannskapinn sem að þessu stendur að róa niður aðstæður og hleypa svona hryssum framhjá blóðtöku eða taka þær varanlega úr þessu hlutverki.

Möguleg áhrif blóðmissisins á hryssurnar.

1. Vökvaskortur strax eftir blóðtöku. Komið er til móts við þá áhættu með því að setja skilyrði um góðan aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna og að þess sé gætt að hryssurnar hafi tíma til að drekka vel áður en þær eru reknar varlega til baka í beitarhólfið. Ekki hefur orðið vart við einkenni vökvaskorts við eftirlit Matvælastofnunar með blóðtöku.

2. Fall í styrk kalsíums og annara nauðsynlegra steinefna í blóði. Afleiðingin væri efnaskiptasjúkdómurinn klums sem er bráður og lífshættulegur sjúkdómur. Komið hefur fram, bæði í sjálfa

eftirlitinu, í viðtölum við dýralækna sem framkvæma blóðtökuna og samkvæmt ársskýrslum frá Ísteka að hverfandi lítið er um að blóðtökuhryssur klumsi en samkvæmt gögnum Ísteka hefur tíðnin verið u.þ.b. 2/5000 undanfarin ár. Það er síst hærra en hjá hryssum í reiðhestaræktun.

3. Lækkun á styrk blóðrauða (hemoglobin) í blóði. Meðal skilyrða sem sett eru fyrir starfsemi er að annað hvert ár séu gerðar rannsóknir á blóðbúskap hjá blóðtökuhryssum og hefur með tímanum safnast öflugur gagnagrunnur um þann þátt. Mælingar frá 2021 eru dæmigerðar fyrir fyrri ár og sýna að lækkun á meðalstyrk blóðrauða eftir fyrstu tvær blóðtökurnar var alls um 18% (úr 13,3 g/dL í 10,9 g/dL) en eftir það kom ekki fram marktæk breyting á styrk blóðrauða, sem hélt stöðugur út blóðtökutímabilið. Blóðrauði náði fyrri styrk tveimur vikum eftir að blóðtöku var hætt (<https://isteka.is/wp-content/uploads/2022/01/2011-2021-linurit.pdf>). Þetta bendir til þess að það taki hryssurnar um tvær vikur að bregðast við blóðtapinu með aukinni blóðmyndun enda er bæði vatn og gras mjög járnríkt hér á landi. Ekkert bendir til þess að þessi lækkun á blóðrauða komi niður á líðan hryssnanna eða heilbrigði enda er lægsta meðalgildið á blóðtökutímabilinu innan viðmiðunarmarkna sem gefin eru upp fyrir hross almennt og sem komið hafa fram í rannsóknum á íslenska hestinum. Engu að síður er lögð rík áhersla á að hryssunum sé ekki ofgert í rekstri til og frá blóðtökustað.

Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður mælinga á blóðrauða fyrir og á meðan á blóðtöku stendur á árabílinu 2011- 2021 ásamt upplýsingum um fjölda hryssna sem liggja að baki hverju meðalgildi.

Vikur í blóðtöku	2021 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2019 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2017 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2014 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2011 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi
0	13,3	1,3	71	13,3	1,1	88	13,3	1,5	40	13,1	1,4	25	13,9	1,6	15
1	11,4	1,2	77	11,8	1,2	87	11,9	1,3	42	11,1	1,3	16	12,0	1,3	13
2	10,9	1,2	83	11,0	1,1	94	10,6	1,3	48	10,7	1,5	18	10,4	1,6	11
3	10,6	1,3	81	10,5	1,0	104	11,0	2,1	45	10,6	1,3	20	11,0	1,5	11
4	10,7	0,9	88	10,9	1,2	90	10,8	1,7	50	10,4	1,0	15	10,7	0,9	13
5	11,1	1,0	97	10,9	1,0	90	10,6	1,0	51	10,6	2,1	9	11,8	1,3	24
6	11,4	1,1	92	10,6	1,0	101	10,4	1,1	51	11,0	1,0	27	10,1	1,4	17
7	11,6	1,3	86	10,7	1,3	87	10,9	1,2	40	10,8	2,0	19	10,5	1,1	72
8	11,5	1,1	67	10,5	1,2	96	10,7	1,6	45	11,2	0,8	15	11,0	1,2	60

Eftirlit með heilbrigði og slysförum.

Matvælastofnun fer fram á að Ísteka skili stofnuninni skráningu á afföllum blóðtökuhryssna á blóðtökutímabilinu. Samkvæmt skýrslum frá Ísteka hafa afföllin verið um eða innan við 0,1% ár hvert. Ísteka greiðir bændum fyrir hryssur sem þeir missa á blóðtökutímabilinu ekki síst í því augnamiði að hvetja bændurna til að upplýsa fyrirtækið um afföll. Flest afföllin eru rakin til slysa en af þeim sökum hefur þurft að aflífa 1-2 hryssur árlega á blóðtökutímabilinu.

Matvælastofnun hafði samband við alla dýralækna sem voru ábyrgir fyrir blóðtöku á síðasta ári og spurði út í tíðni fylgikvilla og hverjir þeir væru. Þeir staðfesta að klums (fall í styrk kasíum í blóði) er afar fátítt í blóðtökustöðum. Sömuleiðis að mjög lítið sé um að hryssur séu teknar úr blóðtöku vegna skemmda á megin bláæð (einn dýralæknanna upplýsti að það hefði gerst í eitt skipti) en stöku sinnum kemur fyrir að taka þurfi úr æð á gagnstæðri hlið, eða meðhöndla sýkingu á stungustað. Hér að neðan er samantekt á upplýsingum frá dýralæknunum.

Dýralæknir	Klums	Meðhöndlun bólgu á stungustað	Lost*
A	Meðhöndlaði eitt tilfelli fyrir mörgum árum	Innan við eitt tilfelli á ári	Aldrei
B	Eitt tilfelli þriðja- fjórða hvert ár	Innan við eitt tilfelli á ári	Aldrei
C	Ekkert tilfelli í ár, annað hvert ár eða sjaldnar	Einu sinni í ár en mjög sjaldgæft	Aldrei
D	Aldrei meðhöndlað klums í blóðtökuhryssu	1-2 tilfelli á ári	Aldrei
E	Aldrei meðhöndlað klums í blóðtökuhryssu	Aldrei	Aldrei

*vegna vökvaskorts (hemolytic shock)

Samkvæmt þessum gögnum er hverfandi lítið um framleiðslusjúkdóma í tengslum við blóðtökuna sem og aðra sjúkdóma. Aðrir fylgikvillar eru óþekktir og er þetta hvoru tveggja í samræmi við eftirlitsniðurstöður Matvælastofnunar. Þá er staða smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum einstök á heimsvísu. Ekkert bendir til að ónæmiskerfið bíði hnekki og frjósemi er afar góð (86% hryssa sem Ísteka fékk send sýni úr árið 2021 voru fyljaðar).

Fyrir liggur skýrsla Matvælastofnunar um eftirlit með velferð hryssna sem notaðar eru í blóðtöku til vinnslu afurða fyrir árið 2021, dags. 27. apríl 2022, sjá fylgiskjal.

Niðurstaða skýrslunnar er svohljóðandi: „*Tíðni eftirlits með blóðtökubæjum er mun hærra en í öðru hrossahaldi en minna er um alvarleg frávík. Hörð viðurlög við alvarlegum frávikum við velferð blóðtökustóða, sem beitt hefur verið á seinni árum, virðast hafa átt mikinn þátt í að tryggja góða fóðrun og umhirðu stóðanna. Engin vísbending er um að blóðmagníð sem tekið er, þ.e. 5 lítrar vikulega í allt að 8 skipti, sé of mikið þar sem ekki koma fram neikvæð áhrif á skilgreinda mælikvarða á heilsu og blóðbúskap hryssnanna. Alvarleg frávík við meðferð hryssna sem komu fram á myndbandi dýraverndarsamtakanna AWF/TBZ kalla hins vegar á viðbrögð og viðbætur við þau skilyrði sem Matvælastofnun setur starfseminni og listuð eru hér að neðan. Slík frávík hafa ekki sést við eftirlit Matvælastofnunar sem bendir til þess að þau séu fremur fátíð en auk þess má ætla að eftirlitið sem slíkt hafi fælingarmátt gagnvart illri meðferð. Því er tilfni til að auka eftirlit Matvælastofnunar með blóðtökunni, þrátt fyrir góðar eftirlitsniðurstöður á seinni árum. Það er mat Matvælastofnunar að blóðtaka úr fylfullum hryssum, eins og hún á að vera framkvæmd hér á landi skv. lögum, reglugerðum og skilyrðum Matvælastofnunar, stangist ekki á við lög nr. 55/2013 um velferð dýra.“*

Leyfisveitingar og eftirlit.

Í kjölfar skýrslu¹ sem unnin var af hálfu Matvælaráðuneytisins og gefin var út í maí 2022 (Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Starfsemi, regluverk og eftirlit) var birt reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum, nr. 900/2022. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra, það verði gert með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði.

Í reglugerðinni er kveðið á um að hrossahald sé einungis heimilt að undangenginni tilkynningu til Matvælastofnunar samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynning skal berast Matvælastofnun eigi síðar en 60 dögum áður en blóðtaka úr hryssum hefst. Ábyrgðarmaður hrossahalds til blóðtöku skal vera skráður umráðamaður allra hryssna sem hann nýtir í þá starfsemi í gagnagrunninum WorldFeng.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar. Leyfið er veitt kaupanda blóðsins á grundvelli 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og gildir að hámarki í þrjú ár frá útgáfudegi. Leyfið er takmarkað við starfsstöðvar þar sem hrossahald til blóðtöku hefur verið tilkynnt og tekið út af Matvælastofnun.

Þá er í reglugerðinni ný ákvæði um skyldur leyfishafa og almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Hlutverk Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með velferð hrossa sem haldin eru til blóðtöku.

¹<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjal/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20bl%C3%B3t%C3%B6k%C3%BAr%20fylfullum%20hryssum%20%20010622.pdf>

Undir það falla hryssur sem notaðar eru til blóðtöku, folöldin sem undir þeim ganga og eftir atvikum hross í uppeldi fyrir þessa starfsemi sem og stóðhestar sem notaðir eru í starfseminni.

a) Eftirlit með velferð, aðbúnaði og ástandi hrossa hjá umráðamönnum þeirra er framkvæmt samkvæmt skoðunarhandbók af starfsmönnum stofnunarinnar, með sama hætti og eftirlit með öðru hrossahaldi.

b) Skyldur leyfishafa til blóðtöku eru listaðar upp í 5. gr. reglugerðar nr. 900/2022

c) Eftirlit með velferð hryssna við blóðtöku. Starfsemin er háð eftirfarandi kröfum skv. 6. gr. reglugerðar nr. 900/2022.

- a. Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtöku úr fylfullum hryssum. Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis.
- b. Dýralæknir ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.
- c. Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu.
- d. Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 8 vikur ár hvert.
- e. Blóðtöku skal að jafnaði lokið fyrir 5. október ár hvert.
- f. Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra.
- g. Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti.
- h. Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en 3 hryssur í blóðtöku samtímis (3 blóðtökubásar).
- i. Ekki skulu vera fleiri en 75 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi sem smalað er hverju sinni.
- j. Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.
- k. Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna.
- l. Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu.
- m. Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.
- n. Ef hryssa slasast eða veikist skal hún meðhöndluð án tafar. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífðuð.
- o. Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitilandi með aðgangi að góðu vatni og salti.

Niðurstaða:

Matvælastofnun telur að ákvæði reglugerðar nr. 900/2022 sé fullnægjandi til að markmið hennar nái fram að ganga, þ.e. að tryggja velferð og heilbrigði hryssa við blóðmerahald, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar.

- **Athugasemd varðandi b. lið, 2. gr. frumvarpsins (Kæra til lögreglu).**

Matvælastofnun bendir á að núverandi fyrirkomulag, þ.e. að brot gegn lögum sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru stofnunarinnar er ætlað að koma í veg fyrir endurtekna málsmeðferð við álagningu viðurlaga við sömu háttsemi, sbr. svohljóðandi texti í skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum (Forsætisráðuneytið, 12. október 2006, bls 7 – 8):

„Í 6. kafla er vikið að ákvæði 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarhari viðkomandi ríkis. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki skýrt ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan, heldur beitt heildrænni samanburðarskýringu um það hvað teljist refsivert brot í merkingu 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Getur því stjórnvaldsákvörðun um álagningu viðurlaga, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, komið í veg fyrir að hægt sé að dæma sama aðila í refsingu fyrir sömu háttsemi. Nefndin telur að lausn á þessu felist í því að lög verði byggð á þeirri meginreglu að viðurlög við tilteknu lögbroti skuli aðeins ákveðin í einu máli en ekki fleirum. Beri því að haga löggjöf með þeim hætti að ekki verði kveðin upp fleiri en ein ákvörðun eða dómur til að koma fram viðurlögum við sömu háttsemi gagnvart sama aðila. Leiðir þessi tillaga til þess að samhæfa verður hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsluviðurlög eru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, bannig að ekki komi til þess að málið verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Nefndin leggur til að þegar svo stendur á eigi það að falla í hlut eftirlitsstjórnvaldsins að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Til þess að koma þessari skipan á þarf að vera mælt fyrir um hana í þeim lögum þar sem mælt er fyrir um stjórnsluviðurlögin. Einnig verður að gæta þess að ákveðið samræmi sé í viðbrögðum almenna viðurlagakerfisins og viðurlagakerfis eftirlitsstofnana. (auðkennt hér) Til þess að tryggja það verður að sjá til þess að ákærvaldið geti krafist þess að hinn ákærði sæti auk refsinga þeim stjórnsluviðurlögum sem eftirlitsstjórnvöldum er með lögum falið að leggja á með stjórnvaldsákvörðunum í málum sem teljast ekki eins alvarleg. Að öðrum kosti er hætt við að vægari viðurlög verði í heild dæmd fyrir alvarlegu brotin sem leyst er úr að hætti opinberra mála.“

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Hrönn Jörundsdóttir